

## EBITDA 4.741 millj. kr. á 3. ársfjórðungi 2024

### Helstu niðurstöður

- Rekstur Lyfju kom inn í samstæðu Festi frá 1. júlí 2024.
- Vörusala nam 44.257 millj. kr. og jókst um 6.923 millj. kr. eða 18,5% milli ára en 6,4% án áhrifa Lyfju.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 10.829 millj. kr. og jókst um 2.255 millj. kr. eða 26,3% á milli ára en 9,6% án áhrifa Lyfju.
- Framlegðarstig nam 24,5% og hækkar um 1,5 p.p. frá 3F 2023 og hækkar 0,7 p.p. frá 2F 2024.
- Laun og starfsmannakostnaður nam 4.826 millj. kr. og eykst um 31,3% en 8,8% án áhrifa Lyfju.
- EBITDA nam 4.741 millj. kr. og hækkar um 836 millj. kr. eða 21,4% milli ára en 9,3% án áhrifa Lyfju.
- Hagnaður fjórðungsins nam 2.232 millj. kr. eða 20,6% af framlegð vörusölu, 416 millj. kr. meira en árið áður.
- Handbært fé frá rekstri nam 4.643 millj. kr. eða 42,9% af framlegð, samanborið við 3.383 millj. kr. árið áður.
- Eigið fé nam 40.434 millj. kr. og er eiginfjárhlutfallið 35,7% í lok 3F 2024.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2024 er hækkuð um 400 millj. kr. og er nú 12.700 – 13.100 millj. kr.

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.	9M 2024	9M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarreikningur</b>								
Vöru- og þjónustusala	44.257	37.334	6.923	18,5%	112.517	101.017	11.500	11,4%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	10.829	8.575	2.255	26,3%	26.455	22.558	3.897	17,3%
Aðrar rekstrartekjur	588	535	53	9,9%	1.623	1.549	73	4,7%
EBITDA	4.741	3.905	836	21,4%	9.554	7.867	1.687	21,4%
EBIT	3.429	2.825	603	21,4%	6.335	5.000	1.335	26,7%
EBT	2.746	2.215	530	23,9%	4.145	2.949	1.196	40,6%
Hagnaður tímabilsins	2.232	1.816	416	22,9%	3.387	2.463	923	37,5%
<b>Efnahagsreikningur</b>					<b>30.9.2024</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Birgðir					14.836	13.557	1.279	9,4%
Viðskiptakröfur					7.106	5.985	1.121	18,7%
Handbært fé					6.064	3.362	2.702	80,4%
Vaxtaberandi skuldir					44.946	37.140	7.805	21,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir					38.881	33.778	5.103	15,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					3,1	3,1	0,0	0,0%
Eiginfjárhlutfall					35,7%	37,3%	-1,6 p.p.	-4,2%
Arðsemi eigin fjár					11,8%	10,0%	+1,8 p.p.	18,2%
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>3F 2024</b>	<b>3F 2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>	<b>9M 2024</b>	<b>9M 2023</b>	<b>Breyt.</b>	<b>% Breyt.</b>
Handbært fé frá rekstri	4.643	3.383	1.260	37,2%	8.244	7.480	763	10,2%
Fjárfestingarhreyfingar	-5.259	-937	-4.321	461,0%	-6.522	-2.083	-4.439	213,1%
Fjármögnunarahreyfingar	3.312	-503	3.815	-758,2%	1.028	-3.252	4.280	-131,6%
Handbært fé í lok tímabils	6.064	4.232	1.833	43,3%	6.064	4.232	1.833	43,3%
<b>Lykiltölur</b>								
Framlegð af vörusölu	24,5%	23,0%	+1,5 p.p.	6,5%	23,5%	22,3%	+1,2 p.p.	5,3%
Starfsmannakostnaður/framlegð	44,6%	42,9%	+1,7 p.p.	3,9%	49,8%	50,9%	-1,1 p.p.	-2,1%
EBITDA/framlegð	43,8%	45,5%	-1,7 p.p.	-3,9%	36,1%	34,9%	+1,2 p.p.	3,6%
Hagnaður/framlegð	20,6%	21,2%	-0,6 p.p.	2,7%	12,8%	10,9%	+1,9 p.p.	17,2%
Hagnaður á hlut	7,3	6,0	1,3	22,4%	11,1	8,1	3,0	37,6%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	42,9%	39,5%	+3,4 p.p.	8,7%	31,2%	33,2%	-2,0 p.p.	-6,0%
Fjárfestingar	1.244	1.028	217	21,1%	2.941	2.593	348	13,4%

### Rekstur 3. ársfjórðungs 2024

Rekstur félagsins gekk vel á þriðja ársfjórðungi og var niðurstaðan betri en áætlanir stjórnenda. Vörusala jókst um 18,5% milli ára eða um 6,4% án Lyfju. Afgreiðslufjöldi jókst um 11,3% eða um 3,2% án Lyfju. Framlegðarstig nam 24,5%, hækkar um 0,7 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,5 p.p. frá fyrra ári. Framlegð í krónum hækkar um 26,3% milli ára en rekstrarkostnaður hækkar um 30,4% á sama tíma en án áhrifa Lyfju hækkar rekstrarkostnaður um 8,8%. EBITDA félagsins nam 4.741 millj. kr. sem er 21,4% hækkun milli ára. EBITDA Krónunnar var 255 millj. kr. hærri en árið áður, EBITDA N1 var 64 millj. kr. hærri en EBITDA ELKO var 12 millj. kr. lægri en árið áður. Hagnaður þriðja ársfjórðungs nam 2.232 millj. kr. sem er hækkun um 416 millj. kr. eða 22,9% milli ára. Horfur fyrir síðasta ársfjórðung ársins eru ágætar.

Lyfja kom inn í rekstur félagsins frá 1. júlí sl. og nam vörusala félagsins 4.549 millj. kr. á fjórðungnum. EBITDA nam 473 millj. kr. og hagnaður 186 millj. kr. Allar rekstrarstærðir litast af þessum áhrifum og gera samanburð erfiðan.

### Tekjur 3. ársfjórðungs 2024

- Heildartekjur námu 44.845 millj. kr. sem er aukning um 18,4% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 44.257 millj. kr. sem er aukning um 18,5% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 20.984 millj. kr. sem er aukning um 14,7% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 12.509 millj. kr. sem er aukning um 3,0% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.796 millj. kr. sem er aukning um 9,0% milli ára.
- Tekjur af lyfjum og lausasölulyfjum námu 3.341 millj. kr. en það er nýr flokkur hjá samstæðunni.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.627 millj. kr. sem er aukning um 5,2% milli ára.

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.	9M 2024	9M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Vöru- og þjónustusala</b>								
Dagvörur	20.984	18.289	2.695	14,7%	58.158	51.149	7.008	13,7%
Eldsneyti og rafmagn	12.509	12.147	362	3,0%	30.964	30.150	814	2,7%
Raftæki	4.796	4.402	394	9,0%	13.291	12.622	670	5,3%
Lyf og lausasölulyf	3.341	0	3.341	-	3.341	0	3.341	-
Aðrar vörur og þjónusta	2.627	2.496	131	5,2%	6.763	7.095	-333	-4,7%
<b>Samtals vöru- og þjónustusala</b>	<b>44.257</b>	<b>37.334</b>	<b>6.923</b>	<b>18,5%</b>	<b>112.517</b>	<b>101.017</b>	<b>11.500</b>	<b>11,4%</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>	<b>588</b>	<b>535</b>	<b>53</b>	<b>9,9%</b>	<b>1.623</b>	<b>1.549</b>	<b>73</b>	<b>4,7%</b>
<b>Tekjur samtals</b>	<b>44.845</b>	<b>37.869</b>	<b>6.976</b>	<b>18,4%</b>	<b>114.139</b>	<b>102.566</b>	<b>11.574</b>	<b>11,3%</b>

Tekjur af dagvörusölu jukust um 14,7% milli ára en hluti vörusölu Lyfju fellur undir þann flokk. Tekjur af eldsneyti og rafmagn jukust um 3,0% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 18-20%, eftir vörutegundum. Selt magn nam um 71,6 millj. lítrum sem er 2,4% aukning milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 9,0% milli ára og tekjur af annarri vöru og þjónustusölu jukust um 5,2% milli ára. Lyf og lausasölulyf er nýr flokkur í sundurliðun tekna með kaupum á Lyfju en tekjur af þeim flokki námu 3.341 millj. kr. á fjórðungnum.

### **Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 3. ársfjórðungi 2024**

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 10.829 millj. kr. sem er 26,3% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 24,5% og hækkar um 0,7 p.p frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,5 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 5.092 millj. kr. sem er aukning um 19,8% milli ára. Framlegðarstig nam 24,3% sem er hækkun um 1,0 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 2.625 millj. kr. sem er 258 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 21,0% og hækkar um 1,5 p.p. milli ársfjórðunga.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.230 millj. kr. sem er aukning um 8,7% milli ára. Framlegðarstig nam 25,6% sem er lækkun um 0,1 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfjum og lausasölulyfjum nam 937 millj. kr. en það er nýr flokkur hjá samstæðunni.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 945 millj. kr. sem er aukning um 14,6% milli ára. Framlegðarstig nam 36,0% sem er hækkun um 2,9 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.	9M 2024	9M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>								
Dagvörur	5.092	4.251	841	19,8%	13.581	11.743	1.838	15,7%
Eldsneyti og rafmagn	2.625	2.367	258	10,9%	5.919	5.059	860	17,0%
Raftæki	1.230	1.131	99	8,7%	3.414	3.156	258	8,2%
Lyf og lausasölulyf	937	0	937	-	937	0	937	-
Aðrar vörur og þjónusta	945	825	120	14,6%	2.604	2.600	4	0,2%
<b>Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>	<b>10.829</b>	<b>8.575</b>	<b>2.255</b>	<b>26,3%</b>	<b>26.455</b>	<b>22.558</b>	<b>3.897</b>	<b>17,3%</b>

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 10.829 millj. kr. samanborið við 8.575 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2023 sem er 26,3% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 5.092 millj. kr. sem er 19,8% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagn nam 2.625 millj. kr. sem er aukning um 258 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.230 millj. kr. sem er 8,7% aukning milli ára. Framlegð af lyfjum og lausasölulyfjum nam 937 millj. kr. en það er nýr flokkur með tilkomu Lyfju í samstæðuna. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 945 millj. kr. sem er 14,6% hækkun milli ára.

### **Rekstrarkostnaður 3. ársfjórðungs 2024**

- Rekstrarkostnaður á 3F 2024 var 6.676 millj. kr. og hækkar um 1.472 millj. kr. milli ára eða um 28,3%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 1.150 millj. kr. eða 31,3% milli ára en 8,8% án Lyfju.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.773 á fjórðungnum sem er fjölgun um 25,3% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 322 millj. kr. eða um 21,0% milli ára en 8,7% án áhrifa Lyfju.

**30. október 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3F 2024**

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.	9M 2024	9M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Rekstrarkostnaður</b>								
Laun og annar starfsmannakostnaður	4.826	3.676	1.150	31,3%	13.184	11.486	1.697	14,8%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>								
Rekstrarkostnaður fasteigna	570	496	74	14,9%	1.624	1.531	93	6,1%
Viðhaldskostnaður	277	235	42	17,7%	824	776	47	6,1%
Sölu- og markaðskostnaður	446	388	59	15,1%	1.300	1.114	186	16,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	99	100	-1	-0,6%	357	355	3	0,8%
Samskiptakostnaður	314	203	111	54,8%	817	647	170	26,3%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	48	27	21	77,7%	149	70	79	112,1%
Annar kostnaður	96	80	16	20,0%	269	261	7	2,7%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>1.850</b>	<b>1.529</b>	<b>322</b>	<b>21,0%</b>	<b>5.340</b>	<b>4.754</b>	<b>586</b>	<b>12,3%</b>
<b>Samtals rekstrarkostnaður</b>	<b>6.676</b>	<b>5.205</b>	<b>1.472</b>	<b>28,3%</b>	<b>18.524</b>	<b>16.241</b>	<b>2.283</b>	<b>14,1%</b>

Laun og annar starfsmannakostnaður á 3F 2024 nam 4.826 millj. kr. samanborið við 3.676 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 31,3% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.773 á fjórðungnum sem er fjölgun um 358 stöðugildi eða 25,3% milli ára. Samningsbundnar launahækkanir höfðu 150 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára og áhrif vegna Lyfju eru 826 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

<b>Laun og starfsmannakostnaður samtals 3F 2023</b>	<b>3.676</b>
Stöðugildi - breyting	256
Samningsbundnar launahækkanir	150
Orlofsskuldbinding	-43
Áhrif vegna Lyfju	826
Aðrar breytingar	-39
<b>Laun og launatengd gjöld 3F 2024</b>	<b>4.826</b>

Annar rekstrarkostnaður nam 1.850 millj. kr. samanborið við 1.529 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 322 millj. kr. eða 21,0% milli ára en 8,7% án Lyfju. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gætir á alla kostnaðarliði en ágætur árangur hefur náðst í lækkun alls rekstrarkostnaðar eins og samanburður við síðasta ár sýnir án áhrifa Lyfju.

**Fjármagnsliðir 3. ársfjórðungs 2024**

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélagu voru neikvæð um 683 millj. kr. samanborið við 610 millj. kr. frá árinu áður. Aukningin nemur 73 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 109 millj. kr. og hækka um 23 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 1.006 millj. kr. og hækka um 104 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var neikvæður um 36 millj. kr. og hækkar um 17 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélagu voru jákvæð um 250 millj. kr. og lækka um 8 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.	9M 2024	9M 2023	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	109	86	23	26,4%	268	156	112	72,0%
Fjármagnsgjöld	-1.006	-902	-104	11,5%	-2.908	-2.613	-295	11,3%
Gengismunur	-36	-53	17	-31,6%	-20	-24	5	-18,7%
Áhrif hlutdeildarfélagu	250	259	-8	-3,2%	471	430	40	9,4%
<b>Samtals</b>	<b>-683</b>	<b>-610</b>	<b>-73</b>	<b>12,0%</b>	<b>-2.190</b>	<b>-2.052</b>	<b>-138</b>	<b>6,7%</b>

**30. október 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3F 2024**

Fjármagnstekjur nema 109 millj. kr. og hækka um 23 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 1.006 millj. kr. og hækka um 104 millj. kr. milli ára. Gengismunur var neikvæður um 36 millj. kr. sem er lækkun um 17 millj. kr. á milli ára. Áhrif hlutdeildarféлага eru jákvæð um 250 millj. kr. en voru jákvæð um 259 millj. kr á sama tíma árið áður.

**Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 3. ársfjórðungs 2024**

- Heildareignir námu 113 ma. kr. í lok fjórðungsins og hafa aukist um 17.104 millj. kr. frá áramótum þar af 11.637 millj. kr. vegna Lyfju..
- Fastafjármunir námu 84.010 millj. kr. og hafa aukist um 11.605 millj. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 29.126 millj. kr. og hafa aukist um 5.499 millj. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 6.064 millj. kr. í lok 3F 2024 sem er lækkun um 2.702 millj. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 38.881 millj. kr. og hafa hækkað um 5.103 millj. kr. frá áramótum.
- Eignfjárlutfall félagsins var 35,7% í lok 3F 2024 samanborið við 37,3% í árslok 2023.

Milljónir króna	30.9.2024	31.12.2023	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	21.947	14.842	7.105	47,9%
Aðrar óefnislegar eignir	4.519	4.260	259	6,1%
Rekstrarfjármunir	36.928	35.779	1.150	3,2%
Leigugeignir	10.769	8.097	2.673	33,0%
Fjárfestingarfasteignir	6.949	6.647	302	4,5%
Birgðir	14.836	13.557	1.279	9,4%
Viðskiptakröfur	7.106	5.985	1.121	18,7%
Handbært fé	6.064	3.362	2.702	80,4%
Vaxtaberandi skuldir	44.946	37.140	7.805	21,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir	38.881	33.778	5.103	15,1%
Eignfjárlutfall	35,7%	37,3%	-1,6 p.p.	-4,2%
Veltuhraði vörubirgða	8,4	7,5	0,9	12,0%

Viðskiptavild nam 21.947 millj. kr. og hækkar um 7.105 millj. kr. frá áramótum en úthlutun viðskiptavildar Lyfju hefur ekki enn verið framkvæmd. Aðrar óefnislegar eignir nema 4.519 millj. kr. og rekstrarfjármunir 36.928 millj. kr. og hækka um 1.150 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 6.949 millj. kr. og hækka um 302 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 1.279 millj. kr. frá áramótum, þar af 1.385 millj. kr. vegna Lyfju. Viðskiptakröfur aukast um 1.121 millj. kr og handbært fé hækkar um 2.702 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 38.881 millj. kr. sem er lækkun um 5.103 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárlutfall félagsins var 35,7% í lok 3F 2024 samanborið við 37,3% í lok árs 2023. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

### Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2024

- Handbært fé frá rekstri nam 4.643 millj. kr. eða 42,9% af framlegð, samanborið við 3.383 millj. kr. árið áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 5.259 millj. kr. sem er hækkun um 4.321 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 3.312 millj. kr. sem er hækkun um 3.815 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.	9M 2024	9M 2023	Breyt.	% Breyt.
<b>Sjóðstreymi</b>								
<b>Handbært fé í byrjun tímabils</b>	<b>3.395</b>	<b>2.326</b>	<b>1.069</b>	<b>46,0%</b>	<b>3.362</b>	<b>2.112</b>	<b>1.250</b>	<b>59,2%</b>
Handbært fé frá rekstri	4.643	3.383	1.260	37,2%	8.244	7.480	763	10,2%
Fjárfestingarhreyfingar	-5.259	-937	-4.321	461,0%	-6.522	-2.083	-4.439	213,1%
Fjármögnunarhreyfingar	3.312	-503	3.815	-758,2%	1.028	-3.252	4.280	-131,6%
Gengismunur af handbæru fé	-27	-37	10	-27,5%	-47	-25	-22	84,6%
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>2.696</b>	<b>1.943</b>	<b>753</b>	<b>38,8%</b>	<b>2.749</b>	<b>2.145</b>	<b>604</b>	<b>28,2%</b>
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>6.064</b>	<b>4.232</b>	<b>1.833</b>	<b>43,3%</b>	<b>6.064</b>	<b>4.232</b>	<b>1.833</b>	<b>43,3%</b>

Handbært fé frá rekstri á 3F 2024 nam 4.643 millj. kr. sem er hækkun um 1.260 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 5.259 millj. kr. sem eru 4.321 millj. kr. hærri en árið áður en þar af skýra kaupin á Lyfju 4.141 millj. kr. Fjármögnunarhreyfingar námu 3.312 millj. kr. sem er hækkun um 3.815 millj. kr. milli ára. Nýtt lán vegna kaupanna á Lyfju nemur 3.981 millj. kr. en afborganir af lánum og leiguskuldum námu 669 millj. kr. Handbært fé jókst um 2.696 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2024 og nam handbært fé í lok tímabilsins 6.064 millj. kr.

### Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2024

EBITDA spá félagsins er hækkuð um 400 millj. kr. og nemur nú 12.700 – 13.100 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2024 er lækkuð um 400 millj. kr. og nemur 4.000 – 4.400 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu og stríðsástands í Mið-Austurlöndum á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Eiginfjárhlutfall félagsins er 35,7 % í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætari og er félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

30. október 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3F 2024

## Hluthafar

---

- Markaðsvirði félagsins í lok 3F 2024 nam 67,9 milljörðum króna og hækkar um 10,0% frá ársbyrjun 2024.
- Hluthafar félagsins voru 1.151 í lok 3F 2024.

## Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 31. október 2024

---

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 31. október 2024 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri rekstrar- og fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-3f-2024>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið [fjarfestatengsl@festi.is](mailto:fjarfestatengsl@festi.is). Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplýsingar>

## Fjárhagsdagatal

- 4F 2024: 5. febrúar 2025
- Aðalfundur 2025: 5. mars 2025

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri ([asta@festi.is](mailto:asta@festi.is)) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs ([mki@festi.is](mailto:mki@festi.is)).